



# **Skólanámskrá Álfhólsskóla**

**Einhverfudeild**

<b>Efnisyfirlit</b>	
<b>Sögulegt ágríp</b> .....	3
<b>TEACCH - hugmyndafræðin</b> .....	4
<b>Ytra skipulag</b> .....	4
<b>Daglegt skipulag</b> .....	8
<b>Stundatöflur</b> .....	8
<b>Vinnukerfi</b> .....	9
<b>Einstaklingsnámskrá</b> .....	10
<b>Námsmat</b> .....	12
<b>Félagsfærni</b> .....	12
<b>Foreldrasamstarf</b> .....	13
<b>Símenntun starfsfólks</b> .....	14
<b>Uppbrotsdagar</b> .....	14
<b>Mötuneyti</b> .....	14
<b>Atferlismeðferð</b> .....	15
<b>CAT-kassinn</b> .....	15
<b>Akstur</b> .....	16
<b>Frístund</b> .....	16
<b>Grunnþættir menntunar</b> .....	17
<b>Heilbrigði og velferð</b> .....	17
<b>Jafnrétti</b> .....	18
<b>Sjálfbærni</b> .....	18
<b>Læsi</b> .....	18
<b>Sköpun</b> .....	19
<b>Lýðræði og mannréttindi</b> .....	19
<b>Lykilhæfni</b> .....	20
<b>Námsgreinar</b> .....	20

## Sögulegt ágríp

Haustið 1988 var stofnuð sérdeild fyrir nemendur með einhverfu við Dalbrautarskóla (B.U.G.L.). Menntamálaráðuneytið hafði farið þess á leit við Rögnu Freyju Karlsdóttur, þáverandi skólastjóra Dalbrautarskóla, að í skólanum yrði stofnuð sérdeild fyrir börn með einhverfu. Sigrún Hjartardóttir var ráðin deildarstjóri sérdeildarinnar. Gert var ráð fyrir að sérdeildin yrði dagskóli, sem starfaði allt árið. Þeir nemendur sem hefja áttu nám um haustið yrðu þá útskrifaðir af dagdeild B.U.G.L. Sérdeildin tók til starfa 26. september það ár og fór starfsemin fram í 60 m<sup>2</sup> bráðabirgðahúsnæði, sem sett var niður á lóð Dalbrautarskóla tveimur dögum fyrr. Þessi sérdeild var sú fyrsta sem sett var á laggirnar á Íslandi sérstaklega fyrir nemendur með einhverfu.

Fyrstu nemendurnir voru fjórir drengir. Tveir þeirra voru úr Reykjavík, einn úr Garðabæ og einn af Álftanesi. Sérdeildin var starfrækt sem dagskóli frá kl. 9:00 á morgnana til kl. 15:10. Við deildina störfuðu fimm kennarar (129,5 vikustundir), uppeldisfulltrúi í hálfu starfi og ráðgefandi sérfræðingur, Svanhildur Svavarsdóttir, 7 stundir á viku.

Leyfi fékkst til að sérdeildin yrði einnig starfrækt að sumarlagi og starfaði hún fyrsta skólaárið til 21. júlí sumarið 1989. Þetta fyrirkomulag varði næstu þrjú árin, þar til fundin voru önnur úrræði fyrir nemendurna yfir sumartímann.

Árin sem Sigrún Hjartardóttir var deildarstjóri sá hún um ráðgjöf til kennara og annara sem unnu með einhverf börn víðsvegar um landið. Sérdeildin var ráðgjafadeild um málefni einhverfu á landsvísu á þessum árum.

Fjölgun nemenda með einhverfu var fyrirsjáanleg og unnið var að því að útvega hentugra skólahúsnæði. Ekkert úrræði fékkst í Reykjavík og var þá leitað til nærliggjandi sveitarfélaga. Skólastjóri Digranesskóla, Sveinn Jóhannsson, var tilbúinn að veita sérdeildinni viðtöku. Sérdeildin var starfrækt í Dalbrautarskóla til 1. febrúar 1990 en fluttist þá í Digranesskóla í Kópavogi. Þar var hún til vorsins 2010 en það ár voru Digranesskóli og Hjallaskóli sameinaðir í einn skóla, Álfhólsskóla. Sérdeildinni var þá skipt upp í yngra- og eldra stig. Í Digranesi eru nemendur frá 1. – 4. bekkjar og í Hjalla frá 5. – 10. bekkjar. Nemendum hefur fjölgað töluvert síðustu ár.

Eitt af markmiðum sérdeildarinnar **var og er** að nemendur hafi tækifæri til að blandast inn í almenna bekki skólans eins og mögulegt er.

Sérdeildin byggir á og starfar aðallega eftir hugmyndafræði TEACCH líkansins og einnig atferlismótun.

## **TEACCH – hugmyndafræðin**

TEACCH þjónustukerfið (Treatment and Education of Autistic and related Communication handicapped Children) er upprunnið í Norður-Karólínu í Bandaríkunum. Hér er um að ræða alhliða þjónustu við einstaklinga með einhverfu og fjölskyldur þeirra, frá því að þeir fá greiningu til fullorðinsára.

Innan þjónustukerfisins hafa verið þróuð greiningar- og matsgögn (CARS, AA-PEP, PEP-R, ADI, A-DOS, PL-DOS) ásamt því að notuð eru alþjóðleg greiningarpróf á einhverfu, DSM-III-R og ICD 10 o.fl. Kennslufræðilegt mat fer fram að lokinni greiningu og út frá því er námsáætlun unnin.

TEACCH hugmyndafræðin myndar ramma um allt það starf sem fram fer í sérdeildinni og er rauði þráðurinn í starfinu. Lykilorð aðferðafræðinnar er skipulag, sem felur í sér eftirtalda þætti:

Ytra skipulag kennslustofunnar greinilegt, skipting milli svæða skýr

Stundatöflur myndrænar og hannaðar eftir þörfum einstaklingsins

Vinnukerfi, sýnir greinilega upphaf og endir

Einstaklingsnámskrá gerð fyrir hvern og einn

Að efla frumkvæði, sjálfstæði og félagsfærni einstaklingsins í mismunandi aðstæðum

Gott foreldrasamstarf

Símenntun fyrir starfsfólk

### **Ytra skipulag**

Einhverfir skilja betur það sem þeir sjá en heyra. Umhverfið er skipulagt með uppröðun húsgagna til að stúka af svæði. Hvert viðfangsefni á sinn ákveðna stað. Aðstæður þurfa því að vera þannig, að einstaklingurinn geti séð hvar hann á að vera, til hvers ætlast er af honum og hvert hann á að fara næst. Því hafa nemendur ákveðinn stað þar sem þeir vinna sjálfstætt, annan þar sem þeir

borða nesti, þriðja þar sem þeir spila eða leika með dót, fjórða þar sem hópkenntla fer fram og þann fimmta þar sem þeir læra með kennara.



SÉÐ YFIR VINNUAÐSTÖÐU NEMENDA Í SJÁLFSTÆÐRI VINNU



VINNUSVÆÐI NEMANDA



SÉÐ YFIR SVÆÐI ÞAR SEM NEMENDUR LÆRA MEÐ KENNARA



MERKI SEM HANGIR YFIR SVÆÐI ÞAR SEM NEMENDUR BORÐA NESTI





SÝNISHORN AF STÝRISPJÖLDUM



Vinnusvæði/hópvinna




LEIKSVÆÐI YNGSTA STIGS

## Daglegt skipulag

### Stundatöflur

Stundaskrá sem sýnir allan daginn veitir öryggi og dregur úr kvíða. Því er búin til sjónræn stundaskrá ýmist úr hlutum, myndum eða orðum eftir þörfum hvers og eins. Stundaskránni er raðað upp á vegg, frá vinstri til hægri eða upp/niður eða hún er höfð í bók sem sýnir alla vikudagana eftir þörfum hvers og eins. Þróunin er misjöfn en stefnt er að því að nemandi geti að lokum stuðst við hefðbundna stundaskrá.





**Stundatafla veturinn 2014 – 2015**

Nemandi: **Marta Lind Vilhjálmsdóttir - 10.D.Á** 10. nóvember 2014

kl.	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
8:10 - 8:50	Íslenska Anna	Færni	Íslenska Anna	Sjálfstæð vinna	Sund
8:50 - 9:30	Íslenska Anna	Færni	Stærðfræði Anna	Íslenska Anna	Sjálfstæð vinna
9:30 - 9:50	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:50 - 10:30	Bókmenntir m/Agústu Margrét	Teikna í tölvu	Anna Pála	Færni	Stærðfræði Anna
10:30 - 10:50	Sjálfstæð vinna	Margrét	Solla v/ð Agústu	Færni	Stærðfræði Anna
10:50 - 11:00	Frímínútur	Frímínútur		Frímínútur	Frímínútur
11:00 - 12:00	Samfélagsfræði m/Gabriel og Agústu Margrét	Enska	12:30 Sögugerð í tölvu Anna Pála	11:10 - 11:50 Sögugerð Anna Pála	Enska
12:00 - 12:30	Matur	Siglur Bjarnad	Matur	Matur	Siglur Bjarnad
12:30 - 13:30	Bundló val	12:30 - 13:10 Smart - tafla m/Gabriel Anna Pála	12:30 Myndmennt val	Bundló val	Sjálfstæð vinna
13:30 - 14:30		13:30 Val spænska	Myndmennt val	Heimilisfræði val Digranes	13:10 Val spænska
14:45		Íþróttir			

SÝNISHORN AF STUNDATÖFLUM

**Vinnukerfi**

Vinnukerfi er útbúið til að gefa upplýsingar um hvernig eigi að vinna/læra, í hvaða röð og hve lengi. Áhersla er lögð á að nemandi vinni frá vinstri til hægri (lestraráttin). Notaðar eru sjónrænar vísbendingar, s.s. merktar vinnukörfur/skúffur. Fyrir framan sig hefur nemandinn litaspjöld, myndir eða númer, og sams konar merkingar eru á körfum/skúffum með verkefnum. Sé t.d. fyrsta spjaldið rautt, þarast það við körfu sem er með rauðu spjaldi og þá veit nemandinn að hann á að byrja á verkefnum í þeirri körfu. Þegar vinnu er lokið úr öllum körfunum, fær nemandinn spjald/tákn, sem gefur honum til kynna hvað næst er á dagskrá. Síðan geta sjónrænu vísbendingarnar verið blöð/ dagbækur með táknum eða skriflegum fyrirmælum, þar sem nemandi merkir við/strikar yfir þegar verki er lokið. Þetta getur einnig átt við um hvaða

athafnir sem er s.s. að klæða sig, þvo sér og matast. Þá eru útbúnar myndir/setningar í réttri athafnaröð og þannig gefin vísbending um hvað á að gera koll af kalli. Ákveðin verkefni sem nemendur fást við eru bútuð niður í vinnuferli með myndum eða skrifuðum texta, t.d. uppskriftir. Vinnukerfin þróast og stefnan er tekin á að þeir geti sótt námsgögn í skólatösku eins og aðrir nemendur áður en þau útskrifast úr grunnskóla.



SÝNISHORN AF VINNUKERFUM

### Einstaklingsnámskrá

Forsendur einstaklingsnámskrár eru bakgrunnsupplýsingar frá foreldrum og öðrum sérfræðingum, greining og þroskamát, áherslupættir/óskir foreldra, námsmat síðasta árs/staða, áhugamál og aldur, skólanámskrá Álfhólsskóla og aðalnámsskrá.

Einstaklingsnámskrá er skrifleg áætlun um nám og kennslu nemandans, þar sem Aðalnámsskrá grunnskóla er höfð að leiðarljósi. Byrjað er á grunni og byggt þar ofan á og mjög mismunandi hvaða markmiðum nemendur ná á sinni skólagöngu. Einnig er mismunandi hvert nemandi nær í hverri námsgrein fyrir sig. Nemandi gæti t.a.m. náð markmiðum 5. bekkjar í stærðfræði en 3. bekkjar í íslensku. Nemendur læra allar þær námsgreinar sem kenndar eru í skólanum hafi þeir forsendur til að læra þær.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar við upphaf haust- og vorannar en eru endurskoðaðar jafnt og þétt yfir allan veturinn.

Einstaklingsnámskráin er unnin af þeim sem kenna nemandanum og er byggð á mati á getu og því sem þjálfar þarf nemandann í hverju sinni. Hafa þarf í huga

hvaða atriði skuli hafa forgang til að þau gagnist nemandanum sem best. Oft eru það atriði sem snúa að athöfnum daglegs lífs og sjálfstæði nemandans.

Í einstaklingsnámskrá á að koma fram hvað á að kenna, hvaða aðferðir eru notaðar og hvers vegna. Einnig þarf að koma fram sú þjónusta sem nemandinn þarf á að halda í skólanum eða í tengslum við hana s.s. fylgd í kennslustundir, gæsla í útiveru, skólaakstur og jafnvel úrræði eftir að skóla lýkur á daginn.

Í Álfhólsskóla er lögð áhersla á að nemendur fái nám við hæfi. Í skólanum er námsver (lesver og stærðfræðiver) og færnimiðaðir list- og verkgreinatímar. Nemendur sérdeildar hafa aðgang að þessum úrræðum. Við gerð einstaklingsnámskrár er tekið mið af áhugamálum og getu nemandans og metið að hve miklu leyti nemandinn tekur þátt í almenna bekkjarkerfinu eða nýtir sér sérúrræðin sem skólinn býður upp á. Hafi nemandi ekki getu til að nýta sér þessi úrræði fær hann þess í stað markvissa einstaklingskennslu í sérdeildinni.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að nemendur í sérdeildinni hafa flestir getað fylgt sínum jafnöldrum í list- og verkgreinum.

Sérdeild fyrir einhverf börn  
Álfhólsskóli

skólaárið 2014 - 2015

kt. \_\_\_\_\_

**Skólarími:** mánudaga - föstudaga frá kl 8:10 - 13:50

**Kennslustundir á viku:** **35** kennslustundir

Borðar hádegismat í matsal með krökkunum í skólanum

**Tímar hjá sérkennara:** 8 kennslustundir

**Tímar með stuðningsfulltrúa:**

- Sjálfstæð vinnu 7 kennslustundir
- Tölva 2 kennslustundir
- Spila 2 kennslustundir
- Val 2 kennslustundir
- Söguvand 1 kennslustund

**Tímar hjá sérgreina-leiðfimis- og sundkennurum:** 13 kennslustundir, stuðningsfulltrúa fylgir Emblu Dís.

- **Færnimiðaðir sérgreinatímar** smíðar **2** kst
- **Heimilisfræði** **2** kst
- **Sund** í sundlaug Klappavogs **1** kst
- **Með nemandum 5.BH**
- **Lit- og verkgrænar** **6** kst smíðar myndmennt, heimilisfræði, tónmennt, leiklist
- **Íþróttir** **2** kst

Umajónarkennari í Sérdeild:  
Umajónarkennari 5.BH  
[Stuðningsfulltrúi](#)

**Lífsleikni**

Vinnubrögð    ábyrgð    félagsfærni

**Langtímaráttækt:**  
Að \_\_\_\_\_ geti fylgt öðrum í námi og starfi á eigin forsendum.

	vor 2014	1. ánn	2. ánn
<b>Markmið:</b>	+	+	+
Geti notað stundatöfluna sína til að fylgja eftir tímadættun dagsins. Lærni að ganga frá verkefnum.			
Lærni að ganga frá eftir sig eftir hádegismat og í næsttíminum.			
Að frumkvæði til félagslegra samskipta aukist.			
Væna með öðrum í litlum hópi.			
Geti komið óskum sínum munnlega til skila og noti þann orðforða sem hún hefur.			
Lætti eftir aðstoð þegar með þörf.			
Þekki og geti tjáð tilfinningar sínar.			

Leiðir:	Verkefni:	1.á	2.á
Stundatöfla - degetal	• Myndafræ stundatöflu - töflumíði • Fyrir hvern mánuð, krossað yfir hvern dag á degetalnu		
Vindkerfi í sjálfstærri vinnu	• 4 kortur/skuffur vinstri megin á borðinu með myndum eða tölustöfum. Samstarfið mætur festir á franskon rennilíða á borðið. Sýrir hvort og hversu marga verkefni átt vinnu hverju sinni		
Matsalur	• Fara í rótt til að ná í matinn • Gangu frá disk, hnifapörum og glasi		
Næsttímar	• Gangu frá og hendi máli og flakki í tunnum		
Álfhólsskóli	• Félagsfærni dagar		
einstaklingskennsla	• Öðruvísi skiladagar		
List/verkefni 5.B og í Sérdeild	• Spjaldtölva, tilfinningar		
Sjálfstæð vinnu	• hópvinnu • spila		
Spjaldtölva	• stærðfræði, para að við myndir, klippa, líma, spora, skerfa, líta, þúsla. • Myndir sem sýna mismunandi svipbrögð og tilfinningar		

Ela Á. Á. 7

Eitt af markmiðum blöndunar er að skapa aðstæður innan almenna skólans til að styrkja nemendur félagslega. Að þeir læri að vera með öðrum börnum, læri umgengnisreglur og vonin er einnig að félagslegt samspil geti myndast að einhverju leyti. Nemendur sérdeildar tilheyra umsjónarbekk eftir aldri. Misjafnt er hversu mikið nemendur blandast í bekki, sumir fara út í bekki daglega, aðrir sjaldnar. Algengara er að nemendur séu með almennum bekkjum í sérgreinatímum en í bóklegum. Bæði er það vegna þess að í sérgreinatímum er meira um verklega kennslu og einnig eru hóparnir fámennari og því auðveldara að gera tilraun með blöndun.

Einnig er lögð áhersla á blöndun í yngri bekkjum. Nemendur yngri bekkja eiga auðveldara með að fylgja jafnöldrum jafnt félagslega sem og námslega. Eftir því sem námsefni þyngist eiga nemendur með einhverfu oft á tíðum mun erfiðara með að skilja þau fyrirmæli sem gefin eru yfir bekkinn.

Ef nemandi ræður við námsefni sem kennt er í almennum bekk og líður vel með bekkjarfélögum fylgir hann þeim í námsgreininni.

### **Námsmat**

Námsmat er framkvæmt á mismunandi hátt í samræmi við einstaklingsnámskrá. Í einstaka námsgreinum geta nemendur tekið sömu próf og jafnaldrar. Oftast eru þó útbúin einstaklingsmiðuð próf og kannanir sem eru þá út frá viðmiðum einstaklingsnámskrá. Einkunnargjöfin er ýmist í formi talna, skriflegra umsagna eða huglægs mats.

### **Félagsfærni**


Félagsfærni gengur út á að þekkja eigin tilfinningar og annarra og vera fær í samskiptum við aðra. Unnið er að því að auka sjálfstæði og öryggi nemenda. Nemendur eru þjálfaðir í sömu athöfnum/verkefnum/ferlum á mismunandi stöðum til að auðvelda þeim yfirfærsluna. Ferlið er endurtekið þar til árangur hefur náðst.

Þegar nemandinn hefur áttað sig á ferlinu getur hann farið að framkvæma margvíslegar athafnir án aðstoðar fullorðinna. Skipulag er því forsenda þess að nemandinn öðlist sjálfstæði þegar fram í sækir. Með auknu sjálfstæði er síðan hægt að draga úr ytra skipulagi.


Félagsfærnisögur eru notaðar sem hjálpartæki fyrir nemendur til að efla færni þeirra í félagslegum aðstæðum. Sagan er aðlöguð að þeim nemanda sem hún á



að höfða til og ákveðnu tilefni eða ákveðinni hegðun sem kenna þarf. Félagsfærnisagan er leiðbeinandi, veitir nemandanum upplýsingar um hvað er framundan og dregur því einnig úr kvíða.



SÝNISHORN AF FÉLAGSFÆRNISÖGUM



SÝNISHORN AF UMBUNARKERFI

**Foreldrasamstarf**

Náin samvinna heimilis og skóla er forsenda þess að góður árangur náist í kennslu og meðferð einhverfra.

Foreldraviðtöl eru að hausti og þá er lögð fram einstaklingsnámskrá nemandans. Foreldrar fá þá tækifæri til að ákveða í samvinnu við kennara ef það er eitthvað sérstakt, sem þeir vilja að skólinn leggi áherslu á. Aðrir foreldrafundir eru á sama tíma og foreldrafundir Álfhólsskóla. Foreldrar geta einnig óskað eftir fleiri fundum við kennara nemandans ef þörf er á. Auk þess eru haldnir teymisfundir fyrir einstaka nemendur þar sem hinir ýmsu sérfræðingar, sem koma að málefni nemandans, hittast og ræða saman.

Foreldrar eru virtir sem samstarfsaðilar og tillit tekið til mismunandi aðstæðna þeirra.

Samskiptabók, tölvusamskipti, símtöl og smáskilaboð eru notuð til að auðvelda upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla. Foreldrar ráða miklu um með hvaða hætti samskiptin fara fram.

### **Símenntun starfsfólks**

Nauðsynlegt er að starfsfólk fylgist með því nýjasta sem er að gerast í kennslu og þjálfun einhverfra barna. Æskilegt er að nýr starfsmaður fari m.a. á námskeið í „Skipulögðum vinnubrögðum“ sem haldið er á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Einnig er gott að allir kennarar geti notað CAT-kassann. Kennarar fylgjast með nýjungum og sækja þá fyrirlestra sem í boði eru um málefni barna með einhverfu.

## **Uppbrotsdagar**

Nemendur í sérdeild taka þátt í uppbrotsdögum skólans svo sem öskudegi, þemadögum, heilsudögum og vinabekkjadögum. Þó kemur fyrir að nemendur treysta sér ekki til að taka þátt og er hvert tilfelli metið af kennurum.




## **Mötuneyti**

Í Álfhólsskóla er boðið upp á heitan mat í hádeginu gegn gjaldi. Þeim nemendum sem þess þurfa er fylgt í matsal og þau aðstoðuð við að matast. Þar er stefnt að því að með tíð og tíma geti þau farið án fylgdar í matsal og læri helstu umgegnisreglur þar. Notuð eru umbunarkerfi og stýrispjöld þegar þess þarf. Þeir nemendur sem af einhverjum orsökum treysta sér ekki til að matast í

matsal er færður matur inn í kennslustofur og borða þeir hann á því svæði sem þeir eru vanir að borða nesti.


## Atferlismeðferð

Teacch skipulagið er atferlismótandi í sjálfu sér, því meiri skilningur sem nemandinn hefur á umhverfi sínu, þeim mun betri líðan og hegðun. Skipulagt umhverfi stuðlar að bættri hegðun og sjálfstjórn. Engu að síður getur þurft að grípa til sértækra úrræða til að breyta hegðun, sem hefur truflandi áhrif á nemandann og umhverfi hans. Reynt er að sýna nemandanum hvað hann á að gera, fremur en hvað hann á ekki að gera. Hér eru notaðar myndir til að hjálpa nemandanum að skilja. Stundum geta myndir sem sýna neikvæðu hegðunina einnig hjálpað nemanda til að stöðva þá hegðun.



## CAT-kassinn

Um nokkurra ára skeið hefur CAT-kassinn verið markvisst notaður í Álfhólsskóla. Þessi aðferð er sérstaklega þróuð til að auðvelda samræður við börn og ungmenni, sem eiga í erfiðleikum með að tjá sig beint um tilfinningar, hugsanir og upplifanir. CAT-kassinn var upphaflega notaður til að styðja samtöl við börn með raskanir á einhverfurófi. Reynslan hefur síðan leitt í ljós að börn með eðlilegan þroska sem eiga í ýmsum félagslegum erfiðleikum geta einnig haft gagn af þessari aðferð. Nemendur hitta kennarann og vinna verkefni úr CAT-kassanum. Einnig er farið yfir félagsfærnisögur. Mikið er lagt upp úr samskiptum heimilis og skóla. Notuð er samskiptabók, svo kölluð hrósbók, þar sem foreldrar skrifa reglulega hróssögur um barnið. Kennarinn notar hróssögurnar eins og annað efni til að efla sjálfsmynd nemandans.



## Akstur

Nemendur sérdeildar geta fengið akstur til og frá skóla og í frístundaheimili. Þessa þjónustu þurfa foreldrar að sækja um hjá skólaskrifstofu Kópavogsbæjar. Ferðaþjónusta fatlaðra Kópavogi-Garðabæ og Mosfellsbæ sér um aksturinn. Foreldrar bera ábyrgð á samskiptum við ferðaþjónustuna, t.d. að tilkynna forföll.

## Frístund

Félagsþjónustan í Kópavogi starfrækir frístundaheimilið Hrafninn fyrir fatlaða nemendur í 5. til 10. bekk í grunnskólum Kópavogs. Úrræðið er til húsa í Kársnesskóla sem er staðsettur við Skólagerði. Um er að ræða heilsárs skólatengt tilboð fyrir nemendur þar sem þeim gefst tækifæri til að dvelja við leik og skapandi störf í umsjá starfsfólks eftir að skólastarfi lýkur og til kl. 17:15 alla virka daga. Í vetrarfríum og á starfsdögum er opið frá 8:00 til 17:00.

Þessa þjónustu þurfa foreldrar að sækja um á skólaskrifstofu Kópavogsbæjar. Foreldrar hafa möguleika á að sækja um 1 – 5 daga vistun fyrir barnið sitt og halda þá þjónustunni í vetrarfríum, á starfsdögum, á skertum skóladögum, í dimbilvikunni, á virkum dögum jólafrís og á sumrin.

Markmið frístundaheimilisins er að veita þeim nemendum sem þar dvelja öruggt athvarf eftir skóla þar sem boðið er upp á skipulagðar tólmstundir við allra hæfi, útivist og slökun. Sérstök áhersla er lögð á að hverjum og einum nemanda líði vel og finnist gott að koma í frístundaheimilið þar sem hann nýtur sín í öruggu og skemmtilegu umhverfi.



KÁRSNESSKÓLI



Haustið 2014 var opnuð dægradvöl fyrir börn í sérdeild 1. til 4. bekkjar. Hún er staðsett Álfhólsskóla Digranesi og er opin frá kl 13:10 til 17:00 alla skóladaga. Dægradvölin er einnig opin á starfsdögum og skertum skóladögum s.s. samráðsdögum, litlujólum og öskudegi en er lokað þegar skólinn er lokaður s.s. í vetrarfríum, jólafríi, dimbilviku og yfir sumartímann.

Markmið dægradvalar er að veita þeim nemendum sem þar dvelja öruggt athvarf eftir skóla, sett er upp sjónrænt skipulag dag hvern þar sem boðið er upp á skipulagðan leik við allra hæfi, útivist og slökun. Sérstök áhersla er lögð á að hverjum og einum nemanda líði vel og finnist gott að koma í dægradvöl þar sem hann nýtur sín í öruggu og skemmtilegu umhverfi. Foreldrar sækja um vistun í dægradvöl á skrifstofu skólans.



ÁLFHÓLSSKÓLI DIGRANES

## Grunnþættir menntunar

### Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í sérdeild Álfhólsskóla er leitast við að efla heilbrigði og stuðla að velferð og vellíðan. Þetta er gert með því meðal annars að leggja áherslu á jákvæð samskipti, holla og góða næringu og hreyfingu. Starfsfólk skólans hefur að leiðarljósi að styrkja sjálfsmynd nemenda og hjálpa þeim að bera ábyrgð á eigin lífi. Með samvinnu þeirra sem að skólanum koma er leitast við að viðhalda góðum skólabrag.

Í skólanum er verkefnið *Göngum í skólann* þar sem nemendur, sem hafa getu til, eru hvattir til að ganga í skólann. Á vorin eru heilsudagar þar sem nemendur spreya sig í ýmsum þrautum.

Í Álfhólsskóla er boðið upp á hafragraut á morgnana og heitan mat í hádeginu. Nemendur eru kvattir til þess að koma með hollt nesti í skólann.

Til að efla góðan skólabrag eru árlega haldnir þemadagar þar sem blöndun er milli bekkja og/eða árganga. Í skólanum eru vinabekkir og nokkrum sinnum eru

haldnir vinabekkjadagar þar sem nemendur vinna saman ýmis verkefni. Þessir dagar eru oft í tengslum við annað uppbrot eins og t.d. dag stærðfræðinnar.

### **Jafnrétti**

Jafnrétti felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu með það að leiðarljósi að kenna börnum og unglingum að greina aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Í Álfhólsskóla er leitast við að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Allir nemendur eiga sem jafnasta og víðtækasta möguleika. Allt starf, aðstæður og búnaður skal ætíð taka mið af jafnrétti allra sem að skólanum koma eða nota þjónustu hans.

### **Sjálfbærni**

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna, í jafngóðu eða betra ástandi en við tókum við því.

Í Álfhólsskóla er leitast við að efla vitund og skilning nemenda á sjálfbærni, umhverfinu og samfélaginu. Það er meðal annars gert með verkefninu „Göngum í skólann“, vordögum, þemadögum, og náms- og vettvangsferðum. Einnig tókum við þátt í Grænfánanum sem er verkefni í umhverfisvernd á vegum Landverndar. Það kennir nemendum meðal annars að flokka sorp og stuðla að orkusparnaði.

### **Læsi**

Læsi er hæfileikinn til að bera kennsl á, skilja, túlka, skapa og tjá sig með því að nota efni af ýmsu tagi í ólíkum miðlum. Læsi og þjálfun í íslensku eru grunnforsendur náms og skiptir þáttur heimilanna ekki síður máli hvað það varðar en þáttur skólans. Lestrarnám hefst við upphaf skólagöngunnar þar sem aðaláhersla er lögð á lestrartækni sem er undirstaða þess að geta lesið sér til gagns. Starf kennara snýst ekki eingöngu um að miðla þekkingu heldur einnig að liðsinna nemendum við að afla sér þekkingar með allri þeirri tækni sem í boði er. Þjálfun í víðlæsi tekur við af námi í lestrartækni og er hluti af lestrarnáminu alla skólagönguna.

Í sérdeild Álfhólsskóla er leitast við að þjálfa víðlæsi, það er færni nemenda við að nota margs konar miðla til að skapa merkingu. Unnið er heildstætt með móðurmálið og lögð áhersla á að efla gagnrýna hugsun, þjálfa virka hlustun og æfa nemendur í munnlegum flutningi á hvers konar efni. Þegar nemendur hafa náð undistöðuatríðum í lestri eru þeir hvattir til að lesa sér til gagns og skemmtunar. Þeir læra að nota skólabókasafn og vinna sérstök lesskilningsverkefni.

### **Sköpun**

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim; búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunaraflið og leika sér með möguleika. Sköpunarferlið sjálf og að horfa á það með gagnrýnum augum skiptir ekki síður máli en afraksturinn. Frumkvæði nemenda fer eftir því hversu mikið rými þeir hafa fengið fyrir skapandi hugsun.

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og starfi. Í sérdeild Álfhólsskóla er leitast við að flétta sköpun inn í nám nemenda. Áhersla er lögð á list- og verkgreinar. Leitast er við að veita aðstöðu til að nýta tækni og miðla. Nemendum býðst að hafa áhrif á framvindu verkefna með því að sýna sjálfstæð vinnubrögð og bera ábyrgð á eigin verkefnum. Kennarar leggja sig fram við að vera hvetjandi og ýta markvisst undir forvitni og tilraunir nemenda. Reynt er að gera verkefni nemenda sýnileg. Nemendur í sérdeild fá sérstaka færnitíma þar sem verkgreinakennarar ýta undir sköpunargleði nemenda.

### **Lýðræði og mannréttindi**

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Uppeldi til lýðræðis felst í því að barn sé og verði virkur þátttakandi í samfélagi. Að vera virkur þátttakandi í samfélagi krefst ákveðinna mannkosta eins og frumkvæðis, sjálfstæðrar dómgreindar, hæfileika til að geta sett sig í spor annarra og geta unnið með öðrum af virðingu og sanngirni. Í sérdeild Álfhólsskóla er leitast við að efla gagnrýna hugsun og lögð áhersla á að borin sé virðing fyrir skoðunum annarra. Þessu má til dæmis ná fram með samræðum, hóp- og paravinnu. Eldri nemendur sitja bekkjarfundi með umsjónarbekkjum sínum. Einnig eru nemendur hvattir til að hittast utan skóla og skipuleggja í sameiningu samverustundir á sínum forsendum.

## Lykilhæfni





- 1. Tjáning og miðlun.** Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrliga og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- 2. Skapandi og gagnrýnin hugsun.** Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemanda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
- 3. Sjálfstæði og samvinna.** Hæfni nemanda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- 4. Nýting miðla og upplýsinga.** Hæfni nemanda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
- 5. Ábyrgð og mat á eigin námi.** Hæfni nemanda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Hér að ofan eru fimm atriði í lykilhæfni samkvæmt aðalnámskrá. Stefnt er að því að ná þessum markmiðum í allri kennslu en reynslan hefur sýnt að í kennslu einhverfra barna eru þetta einmitt þau atriði sem þjálfar þarf sérstaklega. Lífaldur segir ekki til um hvaða stigi nemendur ættu að hafa náð í þessari hæfni.

## Námsgreinar

Í sérdeildinni er lögð áhersla á að nemendur nái færni í stærðfræði og íslensku og geti bjargað sér í daglegu lífi. Önnur fög eru kennd með tilliti til færni hvers nemanda og áhugasviðs. Tvítyngdir nemendur fá bæði kennslu í íslensku og því tungumáli sem talað er heima, sé þess kostur. Mikil lífsleikni- og félagsfærnikennsla fer fram í deildinni. Kennarar hafa almennar námskrár til hliðsjónar. Námsfni þarf að aðlaga að hverjum nemanda og oftast er aðeins unnið með eitt atriði í einu.



bækur

vasi

borða

gráta



ljón

l   ó   j   n



Ég sé \_\_\_\_\_







Ég sé \_\_\_\_\_

Ég sé \_\_\_\_\_

Ég sé \_\_\_\_\_

Ég sé \_\_\_\_\_

Ég sé \_\_\_\_\_

peysu.

buxur.

húfu.

úlpu.

trefil.

kjól.

